

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 179. fundur haldinn miðvikudaginn 21. október 2021 Haldinn í nýja starfsmannahúsinu í Gufuneskirkjugarði

**Pátttakendur voru:** Ragnhildur Benediksdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs en Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri boðaði forföll.

**Gestir fundarins:** Margrét Leifsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir frá A arkitektum. Stefán B. Veturliðson og Guðjón Magnússon frá verkfræðistofunni VSB. Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf.

Gestir frá Kirkjugörðum Reykjavíkurborgar voru Egill Heiðar Gíslason, formaður, Kristján Guðmundsson og Emilía Guðrún Svavarsdóttir.

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl.13:00. Fundargerð síðasta fundar frestað.

### 2. Kynning A arkitekta á hönnun bálstofu í Hallsholti.

A arkitektar, sem árið 2005 unnu fyrstu verðlaun í arkitektasamkeppni um þjónustubyggingu í Halsholti við Gufuneskirkjugarð, en í henni er gert ráð fyrir bálstofu. Arkitektarnir fóru yfir teikningar af bálstofunni í mælikvarða 1:200 sem byggir á endurskoðaðri þarfagreiningu ásamt þrívíddarlíkani og módeli sem þeir hafa gert af byggingunni.

### 3. Kynning VSB verkfræðistofu á kostnaðaráætlun vegna hugsanlegrar byggingar á bálstofu í Hallsholti.

Fulltrúar verkfræðistofu VSB kynntu kostnaðaráætlun fyrir bálstofu sem byggð er á þarfagreiningu og teikningum A arkitekta. Miðast hún við 1200 m<sup>2</sup> byggingu og er heildarkostnaður við hana 984 m.kr. fyrir utan brennsluofna sem er áætlað að kosti 260 m.kr.

### 4. Kynning frá HLH ráðgjöf á rekstrarlíkani vegna hugsanlegrar bálstofu í Hallsholti.

Fulltrúar frá HLH ráðgjöf fóru yfir rekstraráætlun vegna nýrrar bálstofu. Tekur áætlunin mið af rekstri húsnæðis, rekstur bálstofunar og fjármögnun húsnæðis og brennsluofna. Gerðar eru þrjár sviðsmyndir um fjármögnun húsnæðisins þar sem gert er ráð fyrir 100% , 75% eða 50% lántöku. Í rekstraráætluninni kom fram áætlaður kostnaður á hverja bálfor miða við mismunandi fjármögnunarleiðir og fjölda bálfara.

## 5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri sagði frá skipulagsupprætti sem ráðinu hefur borist varðandi stækkun kirkjugarðsins í Vestmannaeyjum sem unninn er af teiknistofu Páls Zóphóníassonar tþz. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.

Fundi lauk kl. 15:20.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Guðmundur Rafn Sigurðsson,  
ritari